Stjórnarfundur STEFs 8. október 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn fimmtudaginn 8. október 2026 kl. 11:00 að Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Hallur Ingólfsson, Hrafnkell Pálmarsson, María Huld Markan, Magnús Jóhann Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir, Bragi Valdimar Skúlason og Páll Ragnar Pálsson. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 25. ágúst og útdráttur voru lög fram og samþykkt.

2. Lit yfir yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi til 8. október lagt fram.

   Lögð eru fram eftirfarandi skjöl:

   1. Frumvarp til laga og umsögn um frumvarp til breytinga á höfundalögum hvað varðar refsingar fyrir höfundaréttarbrot. Samþykkt var að senda inn umsögnina til Alþingis. Í tengslum við þetta mál var nokkuð rætt um stöðu ólögmætrar dreifingar höfundaréttarvarins efnis á Íslandi, sem enn er mikið vandamál þegar kemur að sjónvarpsefni, en neikvæð áhrif þess eru fyrst og fremst falin í því að erfiðara er að fjármagna nýja framleiðslu íslensks efnis. Í þessu sambandi kom fram að þörf væri á vitundarvakningu meðal neytenda, sem virðast ekki víla fyrir sér að greiða fyrir ólögmætan aðgang til milliliða.

   2. Kynning á *Vindur í seglum*, mentorprógrammi STEFs og þátttakendum í ár.

   3. Kynning á *Spanish Point Matching Engine*. Lagt var fram afrit af kynningu sem STEF fékk fyrir nokkru frá fyrirtækinu, svo og tilboð þeirra um þjónustu.

3. *CORA* - Upplýsingagjöf um stöðu verkefnis.

   Smá töf verður á að þetta verði að veruleika, vegna vinnu við uppfærslu vettvangsins. Einnig þarf að finna leið til að koma ISRC-kóðum sem STEF hefur skráð inn í ICE, þar sem við samkeyrslu við notkun á verkum hjá CORA er notast við ISRC-kóða hljóðrita. Er þetta í vinnslu í samstarfi við STIM.

4. Breytingar á réttindaflokkum í aðildarsamningi vegna gervigreindar

   Lögð eru aftur fram eftirfarandi skjöl, auk skjals er sýnir fyrirhugaðar breytingar í Noregi:

   - Uppfært minnisblað um tillögur til breytingarna.
   - Ný drög að breyttum aðildarsamningi.
   - Ný drög að eyðublaði til að tilkynna breytingar á réttindaflokkum.

   Er þetta þriðji stjórnarfundurinn þar sem þetta mál er til umræðu. Stjórn tók þá ákvörðun að taka upp einn nýjan réttindaflokk er nær yfir eintakagerð og miðlun, svo og breytingar á verkum með gervigreind og sambærilegri tækni. Verður þessi réttindaflokkur settur upp á sama hátt og aðrir réttindaflokkar, þannig að meðlimir STEFs geti á hvaða tíma sem er ákveðið að taka til baka framsal

til STEFs á tilteknum réttindaflokkum. Sérstakt eyðublað verður gert aðgengilegt til að auðvelda meðlimum STEFs breytingu á aðildarsamningum að þessu leyti. Þá verður þessi nýi réttindaflokkur kynntur vel fyrir meðlimum. Mun þessi ákvörðun stjórnar verða borin undir fulltrúaráð STEFs á næsta fundi ráðsins.

5. *Audoo* – vöktun bakgrunnstónlistar.

   Um er að ræða fyrirtæki frá Ástralíu sem sérhæfir sig í að vakta bakgrunnstónlist og sem skilar síðan inn skýrslum sem nýtast við að úthluta nákvæmar fyrir bakgrunnstónlist. Nú þegar fær STEF allmiklar upplýsingar um flutning bakgrunnstónlistar í verslunum, en hins vegar skortir á slíkar upplýsingar frá veitingastöðum. Samþykkt var að kaupa þjónustu fyrirtækisins hvað varðar vöktun á þremur veitingastöðum til reynslu. Verða fundnir veitingastaðir sem vilja vera í samstarfi við STEF um þetta verkefni. Ljóst er að þar sem mengið er lítið, þá er takmarkað hvað hægt sé að horfa til þess varðandi geirann í heild, en þó veitir það ákveðnar vísbendingar. Mun stjórn taka ákvörðun síðar hvernig þessi gögn verða nýtt við úthlutun. Mikilvægt er að fyrirtækið ábyrgist persónuvernd þeirra sem eru á staðnum hverju sinni, en tækið skoðar einungis stutt brot úr þeim verkum sem það nemur.

6. Samþykktir STEFs – atkvæðavægi og kjörgengi.

   Lögð fram tillaga frá vinnuhópi. Tillagan gengur út á að útvíkka atkvæðarétt og kjörgengi innan stjórnkerfis STEFs á þann hátt að þrátt fyrir að miðað verði áfram við tekjur síðastliðinna þriggja ára til að reikna atkvæðarétt, þá haldist áunninn atkvæðaréttur áfram svo lengi sem viðkomandi er ennþá meðlimur í STEFi. Á sama hátt haldist kjörgengi í allt að 10 ár frá því að réttur til kjörgengis myndast. Með þessu munu fleiri en áður eiga bæði atkvæðarétt og njóta kjörgengis. Á sama tíma eru lagðar til ákveðnar breytingar er varða aðild að STEFi. Ákveðið var að fresta ákvörðun um tillöguna til næsta stjórnarfundar, þannig að stjórn gefist betri tími til að kynna sér tillöguna og meiri tími verði til umræðna.

7. Persónuverndarreglur STEFs.

   Lögð voru fram drög að uppfærðum reglum. Tillögurnar að breytingum byggjast á ráðgjöf frá LOGOS. Reglurnar eru nokkuð breyttar, enda hafði persónuverndarreglum STEFs ekki verið breytt frá 2019 er þær voru fyrst settar. Um leið hefur verið unnið að því að uppfæra vinnsluskrá persónuverndarupplýsinga. Ákveðið var að fresta ákvörðun um uppfærðar reglur til næsta stjórnarfundar, þannig að stjórn gefist betri tími til að kynna sér þær og meiri tími verði til umræðna.

8. Ósk um aðgang að gagnagrunni STEFs.

   Fjallað var aftur um beiðni frá *Félagi áhugafólks um íslenska tónlist*. Í millitíðinni hafði skrifstofa STEFs skoðað betur hvaða möguleikar væru fyrir hendi um afhendingu á gögnum, án þess þó að veita beinan aðgang að gagnagrunninum. Eins og fram kemur í síðustu fundargerð, þegar fjallað var um málið, er nú þegar hægt að finna stóran hluta þessara upplýsinga opinberlega, þótt það sé ekki jafn aðgengilegt og *Félag áhugafólks um íslenska tónlist* sér fyrir sér. Fyrir utan aðgang í gegnum CISAC, þá hafa meðlimir STEFs einnig nokkuð góðan aðgang í gegnum *Mínar síður*.

Stjórnin telur að ekki sé réttlætanlegt vegna netöryggis að veita þriðja aðila beinan aðgang að gagnagrunninum með tengingu og sem síðar birtir beint upplýsingarnar. Hins vegar er stjórnin mjög jákvæð gagnvart starfsemi þessa félagsskapar og finnst frumkvæði þeirra gott. Ákveðið var að bjóða félaginu að fá aðgang að spegluðum gögnum sem vistuð eru þá utan gagnagrunns STEFs og að þau gögn yrðu þá uppfærð árlega.

9. Starfsmannamál - Upplýsingagjöf.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um ráðningu nýs gjaldkera og móttökustjóra, svo og stöðu á tímabundinni ráðningu í afleysingum.

10. Beiðni FTT um styrk vegna norræns fundar hér á landi.

FTT hefur staðið fyrir norrænum samstarfsfundi fimmta hvert ár hérlendis og þá fengið styrk til verkefnisins frá stjórn STEFs. FTT sækir síðan samskonar fundi til annarra Norðurlanda þess á milli. Fyrirkomulagið er ólíkt hjá TÍ, þar sem norrænu systursamtök TÍ bjóða sérstaklega til funda. Hins vegar hefur TÍ þurft að standa að norrænum músíkdögum á nokkurra ára fresti, þótt það sé ekki alveg reglulegt og hefur TÍ þá fengið styrki til þessa frá STEFi. Stjórn þykir það skjóta skökku við að félögin þiggi sérstaka styrki til reglulegs viðburðarhalds, en hefur um leið skilning á því að erfitt sé að standa straum að slíku með reglulegu rekstrarframlagi frá STEFi. Ákveðið var að hækka aðeins reglulega framlagið (miðað var við síðasta styrk STEFs til FTT vegna sama viðburðar og hann framreiknaður til verðlags nú og upphæðinni síðan skipt á fimm ár). Munu félögin þannig ekki þurfa að leggja fram slíkar styrkumsóknir í framtíðinni til STEFs.

11. Önnur mál.

Á nýlegum fundi FTT með RÚV kom fram að í a.m.k. tveimur tilvikum, þar sem efni var keypt af RÚV af sjálfstæðum framleiðendum, höfðu framleiðendurnir notað gervigreindartónlist og í kreditlista sem birtist í lok þátta kom einungis fram nafn þess fyrirtækis sem tónlistin var keypt af. Stjórn STEFs hefur miklar áhyggjur af þessari þróun, auk þess sem þessi framkvæmd fer beinlínis í berhögg við ákvæði höfundalaga um að geta höfunda efnis. Ákveðið var að STEF myndi senda bréf vegna þessa til RÚV.

Vakin var athygli á því að STEF, jafnt sem FTT og TÍ, þyrftu að fara í tiltekt á gömlum gögnum og húsgögnum sem nú eru geymd í bílskúrnum að Laufásvegi. Með því að hreinsa þar til gæti myndast möguleiki á meiri nýtingu þessarar aðstöðu fyrir meðlimi STEFs. Ljóst er þó að skortur á salernisaðstöðu þar takmarkar nokkuð notkunarmöguleika utan hefðbundins opnunartíma STEFs. Sérstakur hreinsunardagur verður settur á dagskrá í vor.

Engin önnur mál voru borin upp og var fundi slitið kl. 13:15.